



HAUSTFUNDUR

Annar fundur Félags Landfræðinga á þssum vetri 1989,
verður haldinn í Skólábæ, Suðurgötu 26,
þann 27. nóvember, kl. 20:30

Guðrún Ólafsdóttir dósent mun segja frá áherslum og viðfangsefnum
í landfræðirannsóknnum, eins og þær birtust á 26. þingi
Alþjóðalandfræðisambandsins í Sydneý í Ástralíu sumaríð 1988.
Hún mun einnig segja frá frumbyggjum Ástralíu og landréttindum þeirra.
Verið velkomin.

b.kr.b.

LANDFRÆÐIGAGNABRUNNUR

Á félagsfundinum 25. september ræddi Gylfi Már Guðbergsson hvort ekki væri möguleiki á að koma á fót nefnd sem hefði frumkvæði að starfi innan fræðigreinarinnar. Fundarmenn voru allir sammála um það, þar sem megin tilgangur með stofnun félagsins var að stuðla að eflingu fræðigreinarinnar. Kom Gylfi Már með þá fyrirspurn hvort ekki væru einhverjir menn tilbúnir að verja einni klukkustund á viku reglulega, í langan tíma til að safna heimildum um hin ýmsu svið og þá hugsanlega í samstarfi við Orðanefnd, og byggja upp LANDFRÆÐIGAGNABRUNN. Gylfi Már kvaðst sjálfur vera fús til þessa starfs og ef einhverjir aðrir hefðu áhuga þá er að hafa samband við hann eða stjórnina.

iig

Frá rabbfundi um heitið landfræðingur.

Inngangur að umræðum, fluttur af Guðrúnu Gísladóttur.

Hvers vegna er ástæða til þess að ræða um heitið landfræðingur?

Þegar ný stjórn kom saman í VOR eftir aðalfund félagsins ræddi hún m.a. um tilgang félagsins og í því sambandi um heitið landfræðingur. Spyrja má hvort ástæða sé til þess að afmarka félagsskap menntaðra landfræðinga frá öðrum. Í lögum félagsins segir m.a. að eitt af markmiðum félagsins sé að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði. Að þessu má vinna t.d. með umræðu, útgáfustarfsemi og fundum.

Ef við ætlum að efla fræðigreininna landafræði hljótum við að spyrja okkur, hvemig við afmörkum okkur frá öðrum fræðigreinum. Hvað eiga þeir sem kalla sig landfræðinga sameiginlegt?

Sérsvið landfræðinga eru mörg og við getum spurt okkur þess hvort við eigum að kalla okkur eftir sérsviðinu eða eftir þeim sameiginlega grunni (landafræðinni) sem við höfum hlotið. Landfræðingum með framhaldsmenntun eftir BS próf hefur fjölgað á undan-förnum árum og þeim fjölgar einnig sem fá vinnu á því sviði sem framhalds-menntunin hefur miðað að.

Á nokkrum opinberum stofnunum þykja landfræðingar sjálfsgðir starfskraftar. Þetta fólk vinnur gjarnan í tengslum við og samvinnu við fólk með sérmenntun á ýmsum öðrum sviðum. Landfræðináms og störf landfræðinga eru ákaflega mismunandi og erfitt eða útilokað að skilgreina það á einfaldan hátt. En ef starfsheitið landfræðingur er notað venjast menn því smátt og smátt og einnig því að landfræðingar vinni á stofnunum/vinnustöðum þar sem fengist er við ákveðin starfssvið, s.s. kennslu, ferðamál, skipulag, kortagerð, heilbrigðismál, lífskjör, ólíkar aðstæður fólks, o.fl. Ef menn venjast landfræðiheitinu og vita það að landfræðingar eiga heima og eru sjálfsgðir í hinum ýmsu störfum þjóðfélagsins, þar á meðal við ýmsar rannsóknir, má gera ráð fyrir því að leitað verði í ríkara mæli eftir landfræðingum til slíkra starfa. Víða erlendis þykir sjálfsgagt að landfræðingar séu starfandi við ýmsar fleiri stofn-anir en við eigum að venjast hér og leitað eftir landfræðingum til starfa vegna þeirrar menntunar sem þeir hafa sem landfræðingar.

Ef við félagsmenn stöndum ekki vörð um heitið, gæti svo farið að eingöngu nokkrir BS landfræðingar og kennarar kölluðu sig landfræðinga, aðrir landfræðingar myndu hugsanlega nota ýmis sérheiti. Hvað verður þá um fagið og markmiðið að efla fræðigreininna? Það er spurning hvort aðrar fræðigreinar gleypi ekki landafræðina.

Þróun í þessa átt gæti haft slæmar afleiðingar hvað varðar stöðugildi tengd kennslu, rannsóknum og sérverkefnum á vegum stofnana.

Ef við köllum okkur ekki landfræðinga þá vita menn ekki að landfræðingar eru hæfir til hinna ýsmu starfa - svo einfalt er það!

LANDFRÆÐINGATAL

Í fréttabréfi Landfræðifélagsins, Landabréfi 1.tbl. 3.árg. 1981 var birt skrá yfir þá sem lokið höfðu B.S. prófi frá Háskóla Íslands 1972 - 1980 ásamt upplýsingum um framhaldsnám og störf eftir námslok.

Frá 1981 - 1989 hafa margir landfræðingar útskrifast frá H.Í. og nokkrir farið utan til framhaldsnáms og komnir aftur til starfa. Fróðlegt væri að bæta á þessa skrá þeim sem hafa útskrifast á þessum tíma ásamt viðbótarupplýsingum um þá sem hafa farið til framhaldsnáms og annarra starfa frá 1980.

Stjórnir Félags Landfræðinga og Landfræðifélagsins hafa ákveðið að vinna sameiginlega að þessari heimildaöflun og senda í þeim tilgangi eyðublað þar að lútandi með fréttabréfum félaganna (sjá meðfylgjandi blað). Góðfúslega fyllið eyðublaðið sem fyrst út og sendið okkur stjórnarþrælundum til baka, þ.e. STRAX.

Einnig væri mjög áhugavert að safna upplýsingum um alla Íslendinga sem hafa lokið landfræðinámi erlendis sem hér heima, áður en B.S. nám í landafræði hófst við H.Í. og vinna þar að heildar landfræðingatali. Allar ábendingar þar að lútandi eru vel þegnar.

Eftir að skráin hefur verið fullunnin munu félögin sameiginlega birta og viðhalda henni því auk þess hve fróðlegt er að fylgjast með hvað landfræðingar eru að starfa og fullnema sig í, getur verið mikið gagn af slíkri skrá. Oft þurfa ráðamenn, fjölmiðlar og stofnanir á upplýsingum að halda sem landfræðingar hafa sérþekkingu á og væri mikill akkur í að hafa handbærar upplýsingar um þá sem hægt væri að vísa til ef leitað væri til félaganna í þeim efnum.

iig.

FÉLAGSMÁL

Fyrsti haustfundur Félags Landfræðinga var haldinn á Gauki á Stöng 25. september. Var boðið til rabbfundar kl. 18.00 til að láta reyna á hvort fólki þætti sá fundartími hentugur.

Eftir fundarsókn að dæma mun svo ekki hafa verið því fundinn sóttu aðeins 10 félagsmenn. Rætt var um starfsheiti landfræðinga, tilgang Félags Landfræðinga og Landfræðigagnabrunn.

Í greinargerð frá síðasta aðalfundi læddist inn "lítil" ritvilla: Skuldir voru sagðar Kr. 118.181,69 en áttu að vera Kr. 18.181,69.

Félaginu hafa borist fyrirspurnir um heiti þess á erlendum tungum og hefur stjórnin samþykkt eftirfarandi þýðingar á sænsku og ensku: Isländska sällskapet för Geografer og Association of Icelandic Geographers.

Merki félagsins: Engar nýjar tillögur hafa borist um merki félagsins né umsögn um það. Má telja að þögn sé sama og samþykki?